

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2020

Efni: Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum

Hafin er vinna við gerð strandsvæðisskipulags fyrir Austfirði á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Svæðisráð, skipað af umhverfis- og auðlindaráðherra, ber ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulagsins. Skipulagsstofnun annast gerð skipulagsins í umboði svæðisráðs.

Svæðisráð auglýsir lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum. Þar er gerð grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að vinnu við gerð strandsvæðisskipulagsins. Lýsingin er aðgengileg hjá Skipulagsstofnun og á hafskipulag.is frá **7. maí** til **1. júní**. Hún er einnig hér í viðhengi. Hægt er að nálgast prentað eintak hjá Skipulagsstofnun.

Lýsingin er kynnt skv. 11. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða og 9. gr. reglugerðar um gerð strandsvæðisskipulags.

Samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða á svæðisráð hafa samráð við aðliggjandi sveitarfélög og hafnarstjórnir og leita eftir sjónarmiðum þeirra um efni lýsingar. [Skipulagsstofnun fyrir hönd svæðisráðs óskar eftir ábendingum um nálgun og efnistöð í skipulagsvinnunni.](#) Ábendingar varðandi lýsingu þurfa að vera skriflegar og má koma þeim á framfæri bréfleiðis til stofnunarinnar, með tölvupósti á hafskipulag@skipulag.is eða á athugasemdagátt á hafskipulag.is. Frestur til að gera athugasemd er til **1. júní**.

Kynningarfundur

Fyrirhuguð vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum verður kynnt á vefundi sem streymt verður á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar þann **13. maí kl. 15:00**.

Allir eru hvattir til að taka þátt í fundinum. Nánari upplýsingar um fundinn eru á hafskipulag.is

Samráðsvefsjá

Skipulagsstofnun vekur athygli á að opnuð hefur verið samráðsvefsjá á hafskipulag.is. Þar er hægt að merkja inn á kort ábendingar um núverandi eða mögulega nýtingu, verndarsjónarmið eða annað sem talið er skipta máli fyrir skipulagsvinnuna framundan. Samráðsvefsjain er opin frá **7. maí** til **4. júní** og eru allir hvattir til þess að taka þátt.

[Tengill á samráðsvefsjá](#)

Samráðsfundir

Til stóð að halda samráðsfundi samhliða kynningu á lýsingu. Vegna samkomutakmarkana er það ekki mögulegt og hefur þeim því verið frestað. Samráðsfundirnir verða haldnir haustið 2020 og auglýstir þegar nær dregur. Á fundunum verður þátttakendum boðið til samtals-um stöðu

svæðisins, styrkleika og áskoranir og leitað eftir ábendingum þátttakenda um framtíðarnýtingu þess. Fundirnir eru öllum opnir.

Fyrir hönd svæðisráðs,

Ester Anna Ármannsd.

Ester Anna Ármannsdóttir
Verkefnastjóri hafskipulags

Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags



Austfirðir
STRANDSVÆÐIS-
SKIPULAG



Hvað er lýsing?

Samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða skal svæðisráð taka saman lýsingu þegar vinna við strandsvæðisskipulag hefst. Í lýsingunni er gerð grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að vinnu við gerð strandsvæðisskipulagsins. Það varðar til dæmis hvaða viðfangsefni verður fjallað um og hvernig fyrirhugað er að standa að greiningu aðstæðna á skipulagssvæðinu og umhverfismati við mótun skipulagstillögunnar. Í lýsingu er einnig greint frá því hvernig kynningu og samráði verður háttað við gerð strandsvæðisskipulagsins.

Þegar lýsing er kynnt opinberlega gefst almenningi og hagsmunaaðilum kostur á að kynna sér hvernig fyrirhugað er að standa að gerð strandsvæðisskipulagsins og koma á framfæri hugmyndum og ábendingum um nálgun og efnistöð. Það getur til dæmis varðað:

- Hvaða viðfangsefni ætti að leggja áherslu á í strandsvæðisskipulaginu.
- Hvaða þætti er ástæða til að greina varðandi aðstæður á skipulagssvæðinu, svo sem um þróun samfélags eða náttúrufars eða starfsemi eða aðra nýtingu á svæðinu.
- Hvaða fyrirleggjandi áætlana stjórnvalda er mikilvægt að horfa til við gerð strandsvæðisskipulagsins.
- Hvernig æskilegt er að standa að umhverfismati við gerð strandsvæðisskipulagsins.
- Hvernig æskilegt er að standa að kynningu og samráði við gerð strandsvæðisskipulagsins

Inngangur

Hér er sett fram lýsing svæðisráðs fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum. Svæðisráðið ber ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulagsins en Skipulagsstofnun vinnur að gerð þess í umboði svæðisráðsins.

Strandsvæðisskipulag er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða sem samþykkt voru á Alþingi árið 2018. Samkvæmt þeim skal gert strandsvæðisskipulag á Austfjörðum og Vestfjörðum.


Hvað er strandsvæðisskipulag?

Strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði í fjörðum og flóum (utan netlaga) þar sem sett er fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins. Strandsvæðisskipulag getur þannig m.a. falið í sér stefnu um nýtingu svæða til eldis nytjastofna, efnistöku eða ferðabjónustu, verndun eða samgönguleiðir svo eitthvað sé nefnt.

Strandsvæðisskipulag er unnið í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar svæðisráð sem ber ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulagsins en þar eiga fulltrúa bæði ríki og sveitarfélög. Svæðisráð vinnur að gerð strandsvæðisskipulags í samráði við önnur stjórnvöld, hagsmunaaðila og almenning, meðal annars með kynningu lýsingar í upphafi skipulagsferlisins og auglýsingu skipulagstillögu, þegar hún liggur fyrir. Strandsvæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af svæðisráði, staðfest af umhverfis- og auðlindaráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

Áherslur í strandsvæðisskipulagi eiga að byggja á stefnu um skipulag haf- og strandsvæða sem er sett fram í landsskipulagsstefnu. Jafnframt skal gætt að samræmi við aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga. Þá er einnig horft til annarra áætlana stjórnvalda sem varða nýtingu og vernd á strandsvæðum.

Strandsvæðisskipulag leggur grunn að leyfisveitingum fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á því svæði sem skipulagið tekur til.




Tengsl strandsvæðisskipulags við aðra áætlanagerð stjórnvalda og leyfisveitingar.

Skipulagssvæði strandsvæðisskipulagsins

Skipulagssvæðið nær yfir firði og flóa, frá Almenningsfles í norðri að Hvítungum í suðri.¹ Að svæðinu liggja fjögur sveitarfélög, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð og Djúpavogshreppur, en skipulagssvæðið sjálft liggur utan staðarmarka sveitarfélaga.² Að skipulagssvæðinu liggja friðlýst svæði og má þar nefna Fólkvangur Neskaupstaðar, fólkvangurinn og friðlandið Hólmanes, friðlandið Skrúður, fólkvangurinn Teigarhorn og náttúruvættið Blábjörg. Í sveitarfélögunum fjórum sem liggja að skipulagssvæðinu búa tæplega 6400 manns. Á skipulagssvæðinu er stunduð ýmis starfsemi, svo sem fiskeldi, fiskveiðar, efnistaka og ferðaþjónusta ásamt ferjusiglingum millilandaferju og vöruflutningum.

Samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða nær skipulagssvæði strandsvæðisskipulagsins frá netlögum (þ.e. 115 m utan við stórstraumsfjöruborð) að viðmiðunarlínu sem tilgreind er í 1. mgr. 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en hún fylgir að mestu leyti grunnlínu landhelginnar.



Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags Austfjarða³

¹ Afmörkun skipulagssvæðisins er sett fram í lögum um skipulag haf- og strandsvæða og byggir á afmörkun hafsvæða þar sem eldi laxfiska í sjó er óheimilt skv. auglýsingu nr. 460/2004 og afmörkun vatnasvæða sbr. lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

² Sveitarfélögin Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Djúpavogshreppur hafa ásamt Fjöttsdalsshéraði ákveðið að sameinast.

³ Við afmörkun skipulagssvæðisins á uppdrætti er notast við strandlínugögn Landmælinga Íslands (IS 50V Strandlína) sem er hliðrað um 115 m til þess að nálgast afmörkun skipulagssvæðisins skv. lögum um skipulag haf- og strandsvæða sem miðast við netlög. Ytri mörk skipulagssvæðisins miða samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða við viðmiðunarlínu sem skilgreind er í lögum nr. 79/1997. Sú lína fylgir í öllum aðalatriðum grunnlínu landhelgi Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41/1979. Við kortlagningu þeirrar línu í skipulagsvinnunni er tekið mið af uppfærslu grunnpunkta í grunnlínu landhelgi Íslands, sbr. síðari breytingar á lögum nr. 41/1979.

Viðfangsefni strandsvæðisskipulagsins

Skipulagsgerð á strandsvæðum er ætlað að stuðla að vernd og viðhaldi vistkerfa, veita grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu, draga úr árekstrum ólíkrar starfsemi og stuðla að betri og upplýstari ákvarðanatöku um framkvæmdir og starfsemi. Ýmiss konar starfsemi fer fram á strandsvæðum við Austfirði og fyrirséð að aukin sókn geti orðið í auðlindir þeirra. Strandsvæðisskipulag skapar grundvöll fyrir efnahagslegri uppbyggingu með því að móta framtíðarsýn um sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins.

Viðfangsefni strandsvæðisskipulags samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða getur m.a. tekið til stefnu og ákvæða um orkuvinnslu á hafi, mannvirkjagerð, eldi eða ræktun nytjastofna, efnistöku, haugsetningu, verndarsvæði, vatnsvernd, umferð og samgöngur, náttúruvá, útivist og ferðaþjónustu. Náttúrufarslegar aðstæður á strandsvæðum eru mismunandi og hefur það áhrif á hvaða starfsemi er á hverjum stað. Umfang þessara málaflokka getur þannig verið mismunandi eftir því hvernig háttar til á hverjum stað.

Áherslur fyrir gerð strandsvæðisskipulags eru lagðar í lögum um skipulag haf- og strandsvæða og í stefnu um skipulag haf- og strandsvæða sem sett er fram í landsskipulagsstefnu. Einnig skal strandsvæðisskipulag taka mið af öðrum áætlanum stjórnvalda og gæta að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Á bls. 19 eru tilgreindar þær áætlanir stjórnvalda sem fyrirséð er að horft verði til við gerð strandsvæðisskipulagsins.


Landsskipulagsstefna 2015–2026 setur fram leiðarljós fyrir skipulagsgerð, þ.m.t. á haf- og strandsvæðum. Þau eru:

- Að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun
- Að skipulag sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum
- Að skipulag stuðli að lífsgæðum fólks
- Að skipulag styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta

Vistkerfisnálgun felur í sér að ákvarðanir um auðlindanýtingu byggist á bestu vísindalegri þekkingu um vistkerfið og að haft sé virkt eftirlit með ástandi þess og samræmd heildarstjórnun höfð á athöfnum manna til að viðhalda því ósködduðu.

Samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015–2026 skal skipulag haf- og strandsvæða veita grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu og viðhalda mikilvægum auðlindum hafsvæða. Skipulag nýtingar byggist á heildarsýn á málefni hafsins og viðhaldi heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Skipulagsákvarðanir um staðbundna nýtingu byggist á vistkerfisnálgun, til að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og viðhaldi vistkerfa.

Í lögum um skipulag haf- og strandsvæða er einnig sett fram markmið um að skipulag veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu á haf- og strandsvæðum sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins. Þar er að auki m.a. sett fram markmið um að skipulag veiti grundvöll fyrir vernd náttúru- og menningarminja og að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi. Þá er jafnframt lögð áhersla á að skipulag taki mið af áhrifum vegna loftslagsbreytinga.



Landfræðileg afmörkun strandsvæðisskipulags, aðalskipulags sveitarfélaga og landsskipulagsstefnu.

Meðal þess sem taka þarf afstöðu til í strandsvæðisskipulagi er fiskeldi í sjó. Hafrannsóknastofnun fer einnig með hlutverk í þeim efnum, en hún skal samkvæmt 4. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 afmarka eldissvæði til fiskeldis. Lögin gera þó ráð fyrir að strandsvæðisskipulag geti tekið gildi áður en þessi svæðisskipting liggur fyrir. Þar sem þannig háttar til skal taka tillit til strandsvæðisskipulags við ákvörðun um skiptingu í eldissvæða.


Í samræmi við lög um skipulag haf- og strandsvæða þá tekur strandsvæðisskipulag ekki til nýtingar og verndar fiskistofna eða annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotnsins að undanskilinni nýtingu sem háð er leyfi til efnistöku og eldi eða ræktun nytjastofna.

Hefur þú ábendingar um atriði sem mikilvægt er að fjalla um í strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum?

Hægt er að koma ábendingum á framfæri með tölvupósti til hafskipulag@skipulag.is, með því að skila inn athugasemd á hafskipulag.is eða bréfleidis til Skipulagsstofnunar.

Á hafskipulag.is er einnig kortavefsjá þar sem hægt er að merkja inn staði sem þú vilt vekja athygli á tengt núverandi eða mögulegri nýtingu, verndarsjónarmiðum eða öðru sem þú vilt koma á framfæri.

Ferlið við móttun strandsvæðisskipulags á Austfjörðum



UPPHAF FERLIS

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði svæðisráð um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum í byrjun árs 2019 sem í eiga sæti fulltrúar ríkis og sveitarfélaga. Svæðisráð hefur það hlutverk að vinna að gerð strandsvæðisskipulags fyrir viðkomandi svæði og ber ábyrgð á gerð þess. Svæðisráðið hélt sinn fyrsta fund í apríl 2019 og má segja að það marki upphaf ferlisins við gerð strandsvæðisskipulags fyrir Austfirði.

SAMRÁÐ UM ÁHERSLUR OG NÁLGUN

Í lýsingunni sem hér er kynnt er sett fram verkáætlun fyrir gerð strandsvæðisskipulags og gefin mynd af því hvernig fyrirhugað er að standa að gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum, þar á meðal hvernig staðið verður að kynningu og samráði og umhverfismati við móttun þess.

Við gerð lýsingarinnar hefur svæðisráð haft samráð við *ráðgefandi aðila* og *samráðshóp* (sjá má hverjir eru skilgreindir *ráðgefandi aðilar* og sitja í *samráðshópi* á bls. 14-15).

Lýsingin er auglýst opinberlega í maí 2020 og kynnt sveitar- og hafnarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga. Hún er jafnframt kynnt á opnum kynningarfundum í maí sem vegna samkomutakmarkana verður sendur út rafrænt. Þrjár vikur gefast til að kynna sér lýsinguna og koma skriflegum ábendingum á framfæri til Skipulagsstofnunar um efni hennar og þá vinnu við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum sem framundan er.

Til stóð að halda samráðsfundi samhliða kynningu á lýsingu en vegna samkomutakmarkana er ekki hægt að halda slíka fundi og hefur þeim því verið frestað. Samráðsfundirnir verða haldnir haustið 2020 og auglýstir þegar nær dregur. Fundirnir verða öllum opnir og þátttakendum boðið til samtals um stöðu svæðisins,

styrkleika og áskoranir og leitað eftir ábendingum þátttakenda um framtíðarnýtingu þess.

Á hafskipulag.is er opin samráðsvefsjá. Þar er hægt að merkja á kort ábendingar um núverandi eða mögulega nýtingu, verndarsjónarmið eða annað sem talið er skipta máli fyrir skipulagsvinnuna framundan. Vefsjáin er opin öllum og aðgengileg til 4. júní.

Þau innlegg sem koma fram á samráðsfundum, á samráðsvefsjánni og í umsögnum um lýsinguna verða nýtt við gerð strandsvæðisskipulagsins. Á vefnum hafskipulag.is verður gerð grein fyrir efni þeirra ábendinga sem fram hafa komið og hvernig fyrirhugað er að vinna með þau atriði sem þar eru nefnd.

GREINING FORSENDNA

Mikilvægur áfangi í ferlinu við mótun strandsvæðisskipulags felst í greiningu á forsendum skipulagsgerðarinnar, þ.e. greiningu á stöðu og þróun á skipulagssvæðinu, styrkleikum þess, áskorunum og tækifærum. Á bls. 10 er listi yfir þá þætti sem fyrirhugað er að afla upplýsinga um í skipulagsvinnunni varðandi forsendur skipulagsgerðarinnar. Í forsendugreiningunni felst einnig greining á fyrirbyggjandi stefnu stjórnvalda sem varðar nýtingu og vernd á strandsvæðum. Á bls. 19 er birt yfirlit yfir helstu áætlanir stjórnvalda sem horft verður til í þessari vinnu. Auk þess verður litið til laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem varða nýtingu og verndun á skipulagssvæðinu. Þá verður byggt á upplýsingum sem fram koma við kynningu lýsingar og í samráðsvefsjá.

Framangreind forsendugreining er unnin af Skipulagsstofnun og Náttúrustofu Austurlands í samráði við *ráðgefandi aðila* og aðrar stofnanir sem hafa með nýtingu og vernd á strandsvæðum að gera.

MÓTUN SKIPULAGSTILLÖGU

Á grundvelli greiningar á forsendum sem lýst er að framan vinnur Skipulagsstofnun í samvinnu við og í umboði svæðisráðs tillögu að strandsvæðisskipulagi. Í þeirri vinnu er haft samráð við *samráðshóp* (sjá bls. 14) og eftir atvikum aðra aðila.

Síðar á árinu 2020 er gert ráð fyrir að kynna opinberlega afrakstur vinnu við greiningu forsendna ásamt vinnu við mótun skipulagstillögunnar og umhverfismat hennar. Markmið þess er að miðla upplýsingum um aðstæður á skipulagssvæðinu ásamt því að veita innsýn inn í hvernig skipulagstillagan er að mótast.

Skipulagstillagan verður unnin á stafrænu formi og sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsupprætti og á þemauppráttum eftir því sem við á.

KYNNING OG LOKAAFGREIÐSLA

Stefnt er að því að tillaga svæðisráðs að strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði liggi fyrir snemma árs 2021. Þegar svæðisráð hefur samþykkt tillöguna verður hún auglýst opinberlega, kynnt fyrir aðliggjandi sveitar- og hafnarstjórnnum og á opnum kynningarfundum og jafnframt kynnt *ráðgefandi aðilum* og *samráðshópi*. Að loknum átta vikna kynningartíma fer svæðisráð yfir þær umsagnir og athugasemdir sem borist hafa, tekur saman greinargerð með viðbrögðum svæðisráðs við þeim og gerir eftir atvikum breytingar á skipulaginu áður en það er endanlega afgreitt af hálfu svæðisráðsins.


Þegar svæðisráð hefur samþykkt strandsvæðisskipulagið er það sent umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar. Skipulagið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt í svæðisráði, hlotið staðfestingu ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

UM BREYTINGAR Á STRANDSVÆÐISSKIPULAGI

Svæðisráð starfar áfram eftir að strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi. Ef talin er þörf á að gera breytingar á gildandi strandsvæðisskipulagi fer það eftir umfangi og eðli breytingarinnar hver málsmeðferð hennar er. Ef um óverulega breytingu er að ræða gerir svæðisráð tillögu um breytinguna til ráðherra, sem staðfestir breytinguna og birtir til gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda, fallist hann á að um óverulega breytingu sé að ræða. Að öðrum kosti fer um breytingar á strandsvæðisskipulagi eins og um nýtt strandsvæðisskipulag sé að ræða.

Samráðsvefsjá

Á hafskipulag.is er kortavefsjá þar sem hægt er að merkja inn á kort staði sem þú vilt vekja athygli á tengt núverandi nýtingu eða framtíðarnýtingu, verndarsjónarmiðum eða öðru sem þú vilt koma á framfæri.



Forsendur fyrir mótun strandsvæðisskipulagsins

Að neðan er gerð grein fyrir hvaða efnisþætti er áformað að afla upplýsinga um í því skyni að fá yfirsýn yfir núverandi stöðu, styrkleika, áskoranir og tækifæri á skipulagssvæðinu. Eftir því sem kostur er, verður þessara upplýsinga aflað og miðlað á kortum. Auk sjálfs skipulagssvæðisins er aflað gagna um jaðarsvæði, 250 metra upp á land frá strandlínu og 1 sjómílu út fyrir ytri mörk skipulagssvæðisins.

Efnisþáttur	Umhverfisvísir	Uppruni gagna
Dýralíf	Mikilvæg fuglasvæði þ.m.t. æðarfugl	Náttúrufræðistofnun Íslands
	Selalátur	Náttúrufræðistofnun Íslands og/eða Hafrannsóknastofnun
	Þekktar tegundir hvala og farleiðir	Hafrannsóknastofnun og/eða Náttúrustofa Austurlands
	Dýrategundir sem njóta verndar, upplýsingar um kortlögð búsvæði	Náttúrufræðistofnun Íslands og/eða Náttúrustofa Austurlands
Sjávarplöntur	Þagróður	Hafrannsóknastofnun
Vistgerðir	Vistgerðir í fjöru	Náttúrufræðistofnun Íslands
	Vistgerðir á hafsbotni	Hafrannsóknastofnun og/eða Náttúrustofa Austurlands
Hafsbotn	Kortlagning hafsbotnsins	Hafrannsóknastofnun
Haf- og lagnaðarís	Þekkt lagnaðarísvæði	Veðurstofa Íslands
	Þekkt hafísvæði	Veðurstofa Íslands
Loftslagsbreytingar	Hækkun sjávarborðs	Veðurstofa Íslands og Vegagerðin
	Breytingar á ástandi sjávar, hitastig og súrnun	Hafrannsóknastofnun
Náttúruvá	Ofanflóðahættumat í gildi	Veðurstofa Íslands
	Sjávarflóð	Vegagerðin og Veðurstofa Íslands
Verndarsvæði	Friðlýst svæði	Umhverfisstofnun
	Svæði á B-hluta náttúruminjaskrár (sbr. áður náttúruverndaráætlun)	Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun
	Svæði á C-hluta náttúruminjaskrár (sbr. áður aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá)	Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun
	Hverfisverndarsvæði	Viðkomandi sveitarfélag
	Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga	Náttúrufræðistofnun Íslands og Skógræktin
Vatnsvernd	Skilgreind vatnsverndarsvæði	Heilbrigðiseftirlit og/eða Orkustofnun
	Skipting strandsjávar í vatnshlot	Umhverfisstofnun
Menningarminjar	Friðlýstar fornleifar og hús	Minjastofnun Íslands
	Friðaðar fornleifar	Minjastofnun Íslands
	Skipsflök á hafsbotni	Landhelgisgæslan og/eða Rannsóknarsetur Háskóla Íslands í Bolungarvík
Umferð og samgöngur	Ferjuleiðir skv. grunnneti samgangna	Vegagerðin
	Aðrar ferjuleiðir	Vegagerðin og/eða viðkomandi sveitarfélag

	Siglingaleiðir skv. uppsöfnuðum siglingaferlum Skipaafdrepp utan hafna Akkerisstaðir skemmtiferðaskipa Þjóðvegir þ.m.t. þverun fjarða	Arctic Ship Traffic Data/PAME Samgöngustofa Viðkomandi sveitarfélag og/eða hafnarstjóri Vegagerðin
Hafnir	Hafnir í grunnneti samgangna Aðrar hafnir Landtaka Vitar, dufl og sjómerki	Vegagerðin Viðkomandi sveitarfélag og/eða hafnarstjóri Viðkomandi sveitarfélag og/eða hafnarstjóri Vegagerðin
Strengir í sjó	Lega fjarskiptastrengja (símastrengir og ljósleiðari) Lega raforkuflutningsstrengja	Póst- og fjarskiptastofnun Landsnet, RARIK
Fjarskipti	Dreifing farsíma- og netsambands	Póst- og fjarskiptastofnun
Orkuvinnsla	Haf- og vindstraumar, jarðhiti	Orkustofnun
Fráveita	Staðsetning fráveituútrása, lega fráveitulagna og staðsetning dælu-/hreinistöðva Þynningarsvæði skilgreint í starfsleyfi	Heilbrigðiseftirlit Austurlands og/eða viðkomandi sveitarfélag Heilbrigðiseftirlit Austurlands og/eða viðkomandi sveitarfélag
Mengandi starfsemi	Afmörkun þynningarsvæða skv. starfsleyfi Loftgæði	Umhverfisstofnun Umhverfisstofnun
Fiskveiðar og önnur nýting	Veiðisvæði Svæðalokanir vegna hrygningar	Hafrannsóknastofnun Hafrannsóknastofnun og Fiskistofa
Eldi eða ræktun	Útgefin rekstrar- og starfsleyfi í fiskeldi Umsóknir um rekstrar- og starfsleyfi í fiskeldi Útgefin rekstrar- og starfsleyfi í kræklingarækt Skipting fjarða eða hafsvæða í eldissvæði Burðarþolsmat vegna fiskeldis Áhættumat vegna fiskeldis	Matvælastofnun og Umhverfisstofnun Matvælastofnun Matvælastofnun og/eða Heilbrigðiseftirlit Austurlands Hafrannsóknastofnun Hafrannsóknastofnun Hafrannsóknastofnun
Efnistaka og haugsetning	Útgefin leyfi f. efnistöku kalkþörunga Staðsetning efnistöku s.s. á mól og sandi skv. leyfi Afmörkun haugsetningar/vörpunar á dýpkunarefni hafna skv. leyfum	Orkustofnun/viðkomandi sveitarfélag Orkustofnun/viðkomandi sveitarfélag Umhverfisstofnun
Hlunnindanýting	Afmörkun friðlýsts æðarvarps Fjarlægðarmörk hafbeitar- og sjókvíldisstöðva frá laxveiðiám skv. reglugerð um fiskeldi Nýting á sjávargróðri	Sýslumaður Hafrannsóknastofnun Fiskistofa og/eða Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Hafrannsóknastofnun
Ferðaþjónusta	Áætlunarferðir, kajakferðir, sjóstangveiði, skútusiglingar, köfun, brimbretti, hvala-, sela- og fuglaskoðun og aðrar skipulagðar ferðir	Austurbrú

Byggð og samfélag	Byggð Íbúapróun Efnahags- og atvinnuþróun	Viðkomandi sveitarfélag Hagstofan, Byggðastofnun og/eða Austurbrú Hagstofan, Byggðastofnun og/eða Austurbrú
Rannsóknir	Togslóðir	Hafrannsóknastofnun
Mörk	Hafnarsvæði Skipulagssvæðið	Viðkomandi hafnarstjóri Landmælingar Íslands og Skipulagsstofnun

Hefur þú ábendingar um efnisþætti sem gagnlegt væri að afla upplýsinga um vegna mótunar strandsvæðisskipulags á Austfjörðum?

Hægt er að koma þeim ábendingum á framfæri með tölvupósti til hafskipulag@skipulag.is, með því að skila inn athugasemd á hafskipulag.is eða bréfleiðis til Skipulagsstofnunar.

Ábyrgðar- og samráðsaðilar við gerð strandsvæðisskipulagsins

Tillaga að strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði verður unnin í samráði við aðliggjandi sveitarfélög, opinberar stofnanir og félagasamtök auk þess sem almenningi og öðrum hagsmunaaðilum gefst tækifæri til þess að koma að mótun stefnunnar á mismunandi stigum. Helstu aðilar sem hafa formlegt hlutverk við mótun og afgreiðslu strandsvæðisskipulagsins eru eftirfarandi.



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐHERRA

Umhverfis- og auðlindaráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða og staðfestir strandsvæðisskipulag sem svæðisráð hefur samþykkt.

SVÆÐISRÁÐ

Samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða skipar umhverfis- og auðlindaráðherra svæðisráð sem ber ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags. Svæðisráð fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum var skipað í janúar 2019 og átti sinn fyrsta fund í apríl 2019.

Svæðisráð fundar reglulega á meðan á vinnu við gerð strandsvæðisskipulags stendur og tekur ákvarðanir um hvernig staðið verði að skipulagsferli, forsendugreiningu, umhverfismati, tillögugerð, samráði, kynningu lýsingar og tillögu o.s.frv.

Mælt er fyrir um hverjir skulu eiga fulltrúa í svæðisráði í 5. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða. Í svæðisráðinu sitja:

- Stefán Gíslason, formaður, skipaður án tilnefningar. Varafulltrúi er Hafsteinn Pálsson.
- Elfa Hlín Pétursdóttir, tilnefnd af aðliggjandi sveitarfélögum. Varafulltrúi er Jón Þórðarson.
- Gauti Jóhannesson, tilnefndur af aðliggjandi sveitarfélögum. Varafulltrúi er Kári Snær Valtingoer.
- Jón Björn Hákonarson, tilnefndur aðliggjandi sveitarfélögum. Varafulltrúi er Eydís Ásbjörnsdóttir.
- Ásta Einarsdóttir, tilnefnd af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Varafulltrúi er Arnór Snæbjörnsson.
- Erla Sigríður Gestsdóttir, tilnefnd af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Varafulltrúi er Hreinn Hrafnkelsson.

- Ásta Þorleifsdóttir, tilnefnd af samgöngu- og sveitarstjórnaráherra. Varafulltrúi er Eggert Ólafsson.
- Skarphéðinn Smári Þórhallsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varafulltrúi er Bryndís Gunnlaugsdóttir.

SKIPULAGSSTOFNUN

Skipulagsstofnun er svæðisráði til ráðgjafar við gerð strandsvæðisskipulagsins og annast gerð þess í umboði svæðisráðs og þá málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Skipulagsstofnun framfylgir ákvörðunum svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulagsins svo sem gagnaöflun, tillögugerð, samráði og kynningum.

SAMRÁÐSHÓPUR

Samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða skipar umhverfis- og auðlindaráðherra samráðshóp sem er svæðisráðinu til ráðgjafar og samráðs við undirbúning strandsvæðisskipulags. Samráðshópurinn samanstendur af fimm aðilum tilnefndum af hagsmunasamtökum þ.e. ferðamálasamtökum, Samtökum atvinnulífsins, útivistarsamtökum, umhverfisverndarsamtökum á landsvísu og umhverfisverndarsamtökum á svæðinu. Að auki er svæðisráðinu heimilt að tilnefna allt að þrjú fulltrúa til viðbótar.

Svæðisráðið fundar með samráðshópnum við gerð lýsingar og við mótun tillögu að strandsvæðisskipulagi. Einnig er sérstaklega vakin athygli aðila í samráðshópnum á því þegar gögn eru til formlegrar kynningar í skipulagsferlinu, þ.e. þegar lýsing og tillaga að strandsvæðisskipulagi eru kynntar og óskað eftir umsögnum fulltrúa í samráðshóp. Aðilar í samráðshópnum fá jafnframt sendar upplýsingar þegar nýtt efni er gefið út og þegar kynningar- og samráðsfundir standa fyrir dyrum.

Í samráðshópnum eru:

- Ari Benediktsson, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga
- Andrés Skúlason, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum
- Sóley Valdimarsdóttir, tilnefnd af umhverfisverndarsamtökum
- Díana Mjöll Sveinsdóttir, tilnefnd af Ferðamálasamtökum Austurlands
- Gunnþór Ingvason, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins

RÁÐGEFANDI AÐILAR

Í lögum um skipulag haf- og strandsvæða eru skilgreindir svokallaðir ráðgefandi aðilar, sem eru fagstofnanir sem fara með málaflokka sem varða nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum og vatnasvæðisnefndir. Ráðgefandi aðilar eru svæðisráðinu og Skipulagsstofnun til ráðgjafar um málefni á sínu fagsviði sem varða skipulagssvæðið og gerð strandsvæðisskipulags.

Ráðgefandi aðilar skv. lögum um skipulag haf- og strandsvæða eru:

Ferðamálastofa	Minjastofnun Íslands
Fiskistofa	Náttúrufræðistofnun Íslands
Hafrannsóknastofnun	Orkustofnun
Landgræðslan	Samgöngustofa
Landhelgisgæsla Íslands	Umhverfisstofnun
Landmælingar Íslands	Veðurstofa Íslands
Mannvirkjastofnun (nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnun)	Vegagerðin
Matvælastofnun	Vatnasvæðanefndir

Svæðisráð mun auk framangreindra stofnana hafa samráð við aðrar stofnanir sem fara með málefni sem varða skipulagssvæðið og gerð strandsvæðisskipulags og má þar m.a. nefna Póst- og fjarskiptastofnun, Náttúrustofu Austurlands og Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

AÐLIGGJANDI SVEITARFÉLÖG

Í skipulagsferlinu hefur svæðisráð sérstakt samráð við sveitarstjórnir sveitarfélaga sem liggja að skipulagssvæðinu og hafnarstjórnir þeirra, m.a. um samræmi strandsvæðisskipulags og skipulagsáætlana viðkomandi sveitarfélaga. Fundað verður sérstaklega með sveitar- og hafnarstjórnnum um lýsingu og auglýsta skipulagstillögu. Sveitarfélög og hafnarstjórnir fá sendar upplýsingar þegar nýtt efni er gefið út og þegar kynningar- og samráðsfundir standa fyrir dyrum

Aðliggjandi sveitarfélög eru:⁴

- Borgarfjarðarhreppur
- Djúpavogshreppur
- Fjarðabyggð
- Seyðisfjarðarkaupstaður

Jafnframt verður haft samráð við Samband sveitarfélaga á Austurlandi/Austurbrú.

⁴ Sveitarfélögin Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Djúpavogshreppur hafa ásamt Fljótsdalshéraði ákveðið að sameinast.

AÐRIR AÐILAR

Við mótun stefnu í strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði mun svæðisráð leita eftir sjónarmiðum og tillögum þeirra sem hagsmuna eiga að gæta og búa yfir þekkingu á náttúruferjum eða nýtingu á svæðinu, þar á meðal:

Samtök atvinnulífsins	Samtök eigenda sjávarjarða
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Náttúruverndarsamtök Austurlands
Samtök ferðaþjónustunnar	Landvernd
Ferðamálasamtök Austurlands	Samtök útivistarfélaga
Landsamband veiðifélaga	Samband íslenskra sveitarfélaga
Æðarræktarfélag Íslands	Samorka
Náttúrustofa Austurlands	

hafskipulag.is

Á vefnum hafskipulag.is eru birtar fréttir af framgangi vinnu við gerð strandsvæðisskipulags og ýmis skjöl eftir því sem þau verða til. Meðal þeirra eru lýsing, skýrslur um greiningu aðstæðna á skipulagssvæðinu og tillaga að strandsvæðisskipulagi. Þar er einnig hægt að nálgast stefnu um skipulag haf- og strandsvæða og aðrar upplýsingar um skipulag haf- og strandsvæða.

Einnig er fréttum af vinnu við gerð strandsvæðisskipulagsins miðlað á Facebook-síðu og Twitter-síðu Skipulagsstofnunar.

Ávallt er hægt að koma á framfæri spurningum og ábendingum tengt gerð strandsvæðisskipulagsins á hafskipulag.is

Hefur þú ábendingar um hvernig standa ætti að kynningu og samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum?

Hægt er að koma ábendingum á framfæri með tölvupósti til hafskipulag@skipulag.is, með því að skila inn athugasemd á hafskipulag.is eða bréfleiddis til Skipulagsstofnunar.

Umhverfismat

Við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum verður umhverfismati beitt til að tryggja að standsvæðisskipulagið stuðli að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum áhrifum þess á umhverfið. Umhverfismat strandsvæðisskipulagsins er framkvæmt í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og er það samþætt og tvinnað inn í vinnu við mótun skipulagstillögunnar.

Við vinnslu tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða verður lagt mat á umhverfisáhrif ólíkra valkosta um stefnu strandsvæðisskipulagsins með því að bera þá saman við valin umhverfisviðmið. Umhverfisviðmiðin lýsa æskilegri þróun eða árangri með tilliti til sjálfbærni, nýtingar auðlinda og verndar náttúru- og menningaminja. Þau byggja á markmiðum laga og stefnu stjórnvalda um nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum, ásamt Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Umhverfisviðmiðin eru sett fram undir sjö umhverfisþáttum út frá því hvað helst er talið verða fyrir áhrifum af stefnu strandsvæðisskipulags. Þeir eru auðlindir, samfélag, heilbrigði og öryggi, menningarminjar, strandsjór, umhverfi og náttúra og loftslagsbreytingar.

Umhverfisviðmiðin sem lögð verða til grundvallar við mat á áhrifum skipulagsins eru birt í töflu aftar í þessum kafla. Þar eru einnig skilgreindir umhverfisvísar sem lýsa nánar hvað fellur undir hvern umhverfisþátt. Umhverfisvísarnir eru grunnur að greiningu forsendna fyrir gerð strandsvæðisskipulagsins og munu nýtast við umhverfismat skipulagstillögunnar og mögulega í framhaldi við mat á árangri af framfylgd skipulagsins.

Í umhverfismatinu verður lagt mat á það hvort strandsvæðisskipulagið styður eða gengur gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Gert er ráð fyrir að nota eftirfarandi vægiseinkunnir við matið:

- **Jákvæð áhrif**, ef markmið í strandsvæðisskipulagi styður viðkomandi umhverfisviðmið.
- **Óveruleg áhrif**, ef markmið í strandsvæðisskipulagi hefur engin eða lítil áhrif á viðkomandi umhverfisviðmið.
- **Neikvæð áhrif**, ef markmið í strandsvæðisskipulagi vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
- **Óviss áhrif**, ef óvíst er eða háð útfærslu hvort markmið í strandsvæðisskipulagi styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

Umhverfismatið verður unnið af Skipulagsstofnun í samvinnu við svæðisráð og sérfræðinga eftir því sem tilefni verður til.

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið	Umhverfisvísar
Auðlindir	Sjálfbær og fjölbreytt nýting auðlinda strandsvæða sem byggir á vistkerfisnálgun og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur. <i>Byggt á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, Landsskipulagsstefnu 2015-2026, Stefnumótandi byggðaaáætlun 2018-2024 og Heimsmarkmiði 8.</i>	Íbúapróun Efnahags- og atvinnuþróun Eldi og ræktun Efnistaka Hlunnindanýting Ferðaþjónusta Orkuvinnsla
Samfélag	Traustir innviðir, samgöngur og fjarskipti og tryggt aðgengi að orku. <i>Byggt á Landsskipulagsstefnu 2015-2026, Samgönguáætlun 2019-2033, Stefnu í fjarskiptum 2019-2033 og Heimsmarkmiðum 7, 9 og 11.</i>	Umferð og samgöngur Hafnir Fjarskipti Flutningskerfi raforku
Heilbrigði og öryggi	Heilnæmt umhverfi og góð tækifæri til útivistar. Viðnámsþróttur samfélagsins gagnvart náttúruvá. <i>Byggt á Landsskipulagsstefnu 2015-2026, lögum um náttúruvernd, lögum um skipulag haf- og strandsvæða og lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.</i>	Útivist og afþreying Ástand strandsjávar Fráveita Loftgæði Haf- og lagnaðarís Náttúruvá
Menningarminjar	Varðveisla minja um búsetu og athafnir á svæðinu. <i>Byggt á lögum um menningarminjar og Heimsmarkmið 11 um sjálfbærar borgir og samfélög.</i>	Friðaðar og friðlýstar fornleifar Skipsflök á hafsbotni
Strandsjór	Verndun vatns sem felst m.a. í góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi strandsjávar og endurheimt vistkerfa strandsjávar. <i>Byggt á lögum um stjórn vatnamála og Heimsmarkmiðum 6 og 14.</i>	Vatnsvernd Staða strandsjávarhlota Fráveita Mengandi starfsemi Haugsetning
Umhverfi og náttúra	Verndun náttúru svæðisins sem felst m.a. í að viðhalda fjölbreytni villtra dýrastofna, mikilvægum búsvæðum, líffræðilegum fjölbreytileika og fjölbreytni landslags og jarðmyndana. <i>Byggt á lögum um náttúruvernd, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og Heimsmarkmiði 15.</i>	Mikilvæg fuglasvæði Selalátur Búsvæði dýra sem njóta verndar Vistgerðir Verndarsvæði Hverfisvernd
Loftslagsbreytingar	Dregið hefur verið úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi og tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga á umhverfi og samfélag. <i>Byggt á ríkisstjórnarsáttmála, lögum um skipulag haf- og strandsvæða og Heimsmarkmiðum 13 og 14.</i>	Hækkun sjávarborðs Breytingar á ástandi sjávar

Hefur þú ábendingar um hvernig standa ætti að umhverfismati við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum?

Hægt er að koma ábendingum á framfæri með tölvupósti til hafskipulag@skipulag.is, með því að skila inn athugasemd á hafskipulag.is eða bréfleiddis til Skipulagsstofnunar.

Stefna stjórnvalda

Við gerð strandsvæðisskipulags fyrir Austfirði verður horft til þeirrar stefnu sem liggur fyrir í áætlunum stjórnvalda sem varða nýtingu og vernd á strandsvæðum og nágrenni þeirra. Horft verður til eftirfarandi áætlana:

Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis (Ríkisstjórn Íslands, 2017).

Á málefnasviði umhverfis og auðlindaráðuneytis:

Landsskipulagsstefna 2015-2026 (Alþingi, 2016).

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum (Umhverfis- og auðlindaráðherra, 2018).

Aðgerðaáætlun um Árórsarsamninginn 2018-2021 (Umhverfis- og auðlindaráðherra, 2019).

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Alþingi, 2013 og 2015)

Landslagssamningur Evrópu.

Náttúruminjaskrá (Umhverfisráðherra, 1999).

Náttúruverndaráætlun 2009-2013 (Alþingi, 2010).

Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni 2008 (Ríkisstjórn, 2008).

Framkvæmdaáætlun um líffræðilega fjölbreytni 2010 (Ríkisstjórn, 2010).

Á málefnasviði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis:

Vegvísir ferðaþjónustunnar (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015).

Kerfisáætlun 2019-2020 (Orkustofnun, 2020).

Þingsályktun um aðgerðaáætlun um orkuskipti (Alþingi, 2017).

Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku (Alþingi, 2018).

Á málefnasviði forsætisráðuneytis:

Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar – Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Ríkisstjórn, 2018).

Á málefnasviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis:

Stefnumótandi byggðaáætlun 2018–2024 (Alþingi, 2018).

Samgönguáætlun 2019-2033 (Alþingi, 2019).

Stefna í fjarskiptum 2019-2033 (Alþingi, 2019).

Hefur þú ábendingar um áætlanir stjórnvalda sem horfa ætti til við gerð strandsvæðisskipulags á Austfirðum?

Hægt er að koma ábendingum á framfæri með tölvupósti til hafskipulag@skipulag.is, með því að skila inn athugasemd á hafskipulag.is eða bréfleiðis til Skipulagsstofnunar.

Svæðisbundnar áætlanir:

Sóknaráætlun Austurlands 2015-2019 (Samband sveitarfélaga á Austurlandi, 2016).

Áfangastaðaáætlun Austurlands 2018-2021 (Austurbrú, 2018).

Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps.

Aðalskipulag Seyðisfjarðar.

Aðalskipulag Fjarðabyggðar.

Aðalskipulag Breiðdalshrepps.

Aðalskipulag Djúpavogshrepps.

Aðrar áætlanir:


Nýtingaráætlun fyrir hafsvæði við strendur Fjarðabyggðar (Sveitarstjórn Fjarðabyggðar, 2019).

Áætlun um kynningu og samráð við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum

Áfangar	Viðfangsefni	Aðilar	Vettvangur	Tími	
UPPHAF FERLIS	Ákvörðun um gerð strandsvæðisskipulags	Alþingi	Lög um skipulag haf- og strandsvæða aðgengileg á hafskipulag.is.	Júní 2018	
	Skipun svæðisráðs	Umhverfis- og auðlindaráðherra leitar eftir tilnefningum og skipar svæðisráð.	Upplýsingar um svæðisráðið eru birtar á hafskipulag.is.	Janúar 2019	
SAMRÁÐ UM ÁHERSLUR OG NÁLGUN	Lýsing	Kynning á því hvernig fyrirhugað er að vinna að strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum.	Skipulagsstofnun vinnur að fyrir hönd svæðisráðs. Drög að lýsingu kynnt ráðgefandi aðilum og samráðshópi á vinnslustigi. Lýsing er samþykkt af svæðisráði og kynnt sveitar- og hafnarstjórnunum, ráðgefandi aðilum, samráðshópi og almenningi.	Lýsing auglýst opinberlega og kynnt á opnum kynningarfundum sem streymt verður á netinu. Einnig kynnt með tölvupósti á ráðgefandi aðila, samráðshóp, sveitar- og hafnarstjórnir og aðra aðila. Lýsing kynnt og birt á vefnum.	Mái 2020 3 vikna kynningartími
	Samráðsvefsjá	Í samráðsvefsjá er leitað eftir upplýsingum um nýtingu á svæðinu og ábendingum um áherslur strandsvæðisskipulags á Austfjörðum. Aðgengileg á hafskipulag.is.	Skipulagsstofnun vinnur að fyrir hönd svæðisráðs.	Kynnt með tölvupósti á ráðgefandi aðila, samráðshóp, sveitar- og hafnarstjórnir og aðra aðila. Auglýst opinberlega og kynnt á vefnum.	Mái 2020
	Úrvinnsla skriflegra ábendinga	Yfirferð framkominna ábendinga við lýsingu.	Skipulagsstofnun vinnur fyrir hönd svæðisráðs.	Samantekt er kynnt á vefnum. Einnig kynnt með tölvupósti til ráðgefandi aðila, samráðshóps og sveitar- og hafnarstjórna og þeirra sem komu með skriflegar ábendingar.	Sumar 2020
	Samráðsfundur	Á samráðsfundum er leitað eftir hugmyndum og ábendingum um áherslur strandsvæðisskipulags á Austfjörðum ásamt upplýsingum um nýtingu á svæðinu.	Skipulagsstofnun vinnur að fyrir hönd svæðisráðs	Samráðsfundur haldnir á svæðinu og í Reykjavík. Kynnt með tölvupósti á ráðgefandi aðila, samráðshóp, sveitar- og hafnarstjórnir og aðra aðila. Auglýstir opinberlega og kynntir á vefnum.	Haust 2020
	Úrvinnsla samráðfunda og -vefsjár	Greining á hugmyndum og ábendingum sem komið hafa fram á samráðsfundum og í samráðsvefsjá.	Skipulagsstofnun vinnur fyrir hönd svæðisráðs.	Samantekt er kynnt á vefnum. Einnig kynnt með tölvupósti til ráðgefandi aðila, samráðshóps og sveitar- og hafnarstjórna.	Haust 2020

GREINING FORSENDNA	Greining aðstæðna, áskorana og tækifæra á skipulagssvæðinu	Gagnaöflun um skipulagssvæðið og greining á áætlunum stjórnvalda sem varða skipulagssvæðið og gerð strandsvæðisskipulags.	Skipulagsstofnun vinnur að fyrir hönd svæðisráðs með aðstoð ráðgjafa og í samráði við m.a. ráðgefandi aðila.	Skýrsla kynnt á vefnum. Einnig kynnt með tölvupósti til samráðshóps, ráðgefandi aðila, sveitar- og hafnarstjórna og annarra aðila.	Haust 2020
	Upplýsingaöflun um umhverfi og nýtingu á skipulagssvæðinu í gegnum samráðsvefsjá	Öflun á upplýsingum um umhverfi og nýtingu sem ekki er hægt að nálgast í gegnum opinber gögn.	Skipulagsstofnun vinnur úr upplýsingum sem koma í gegnum samráðsvefsjá.	Samantekt kynnt á vefnum. Einnig kynnt með tölvupósti til ráðgefandi aðila, samráðshóps, sveitar- og hafnarstjórna.	Haust 2020
MÓTUN TILLÖGU OG UMHVERFIS MAT	Mótun tillögu og umhverfismat	Mótun tillögu og vinna við umhverfismat.	Skipulagsstofnun vinnur að fyrir hönd svæðisráðs, með aðstoð ráðgjafa og í samráði við ráðgefandi aðila og samráðshóp.	Afrakstri vinnunnar miðlað á vefnum og með samráði eða kynningum gagnvart tilteknum aðilum.	Seinni hluti árs 2020
KYNNING OG LOKAÁFGREIÐSLA	Skipulagstillaga til kynningar	Tillaga að strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði til kynningar.	Skipulagsstofnun kynnir fyrir hönd svæðisráðs aðliggjandi sveitar- og hafnarstjórnnum og almenningi.	Skipulagstillagan er kynnt með tölvupósti til samráðshóps, ráðgefandi aðila, sveitar- og hafnarstjórna og annarra aðila. Auglýst opinberlega og kynnt á vefnum.	Fyrri hluti árs 2021 8 vikna kynningartími
	Úrvinnsla athugasemda	Yfirferð framkominna ábendinga við auglýsta skipulagstillögu.	Skipulagsstofnun vinnur að í umboði svæðisráðs.	Samantekt er kynnt á vefnum. Einnig kynnt með tölvupósti til ráðgefandi aðila, samráðshóps, sveitar- og hafnarstjórna og þeirra sem gerðu athugasemd.	Vor 2021
	Afgreiðsla strandsvæðisskipulags	Svæðisráð samþykkir strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði.	Svæðisráð afhendir umhverfis- og auðlindaráðherra og óskar staðfestingar.	Upplýsingar um samþykkt strandsvæðisskipulags birtar.	Vor 2021
	Staðfesting ráðherra	Umhverfis- og auðlindaráðherra staðfestir strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði.		Gildistaka skipulagsins birt í B-deild Stjórnartíðinda. Strandsvæðisskipulag aðgengilegt á hafskipulag.is og upplýsingum um gildistöku skipulagsins miðlað til sömu aðila og fyrr í ferlinu.	Vor 2021

Aðrir aðilar eru skilgreindir á bls. 16. Listinn verður uppfærður eftir því sem ábendingar koma fram. Kynning á vefnum í töflunni að ofan vísar til kynningar á hafskipulag.is og á Facebook-síðu og Twitter-síðu Skipulagsstofnunar.



Útgefandi: Skipulagsstofnun fyrir hönd svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum